

Sp.

16. Tillaga til þingsályktunar

[16. mál]

um lausn togaradeilunnar.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja kapp á að koma hið allra bráðasta á sankomulagi í deilu þeirri, er staðið hefur um langt skeið á milli sjómanna og togaraeigenda, enda verði þá deilunni lokið með samningum, er tryggji sjómönnum viðunandi kaup og kjör.

Fari svo, að togaraeigendur vilji ekki semja um þau kjör, er sjómenn treysta sér til að fallast á, þá er ríkisstjórninni falið að undirbúa ráðstafanir til þess, með aðstoð bankanna og stofnlánadeildar, að umráð og eignarréttur yfir nýsköpunarlogurunum, verði fluttur yfir á hendur ríkis og bæjarfélaga, sem taki að sér að hefja þegar á ný útgerð togaranna.

Greinargerð.

Í hartnær 3½ mánuð hefur staðið deila á milli sjómanna og togaraeigenda, sem leitt hefur til þess, að allir nýsköpunartogararnir sunnanlands hafa legið við landfestar. Því þarf ekki að lýsa, svo mjög sem það liggur í augum uppi, hversu kvíðvænlegt það er, að beztu og fullkornustu fiskiskipin skuli ekki gerð út. Af því leiðir hvort tveggja gjaldeyris- og atvinnutap. Hingað til hefur ekki tekizt að ná sáttum á milli deiluaðila. Það er beinlínis skylda ríkisstjórnarinnar að leggja sig alla fram til þess að fá deiluna leysta með samkomulagi. Er henni því í tillögu þessari falið að leggja allt kapp á að koma hið bráðasta á samkomulagi. Um leið er það undirstrikað, að nauðsynlegt sé að tryggja sjómönnum viðunandi kaup og kjör.

Það er skylt að reyna samkomulagsleiðina til þrautar. En ef togaraeigendur vilja ekki semja um viðunandi kjör til handa framsæknustu framleiðslustéttinni, sjómönnum á fiskiflotanum, má það samt ekki leiða til þess, að togararnir verði ekki notaðir til veiða. Sýnist þá eðlilegast, að þjóðarheildin, ríkið og bæjarfélög, fái þá eignarrétt og umráð togaranna og tryggi það með atbeina almannavaldsins, að þessi ágætu skip verði gerð út þannig, að sjómennirnir, er á þeim vinna, fái viðunandi kjör.

Tillaga þessi er flutt til þess, að ríkisvaldið beiti fyrst og fremst öllum áhrifum sínum til sáttu á milli deiluaðila. En takist ekki að fá sættir, er skapi sjómönnum lífvænleg kjör, verður að undirbúa framkvæmdir, þar sem þjóðfélagsheildin ýtir skipunum úr naustum um leið og hún tryggir sjómannastéttinni það kaup og þau kjör, er hún fær við unað. Verður í framsögu gerð nánari grein fyrir þessu máli.